

Miðvikudaginn 16. janúar 1991.

Nr. 79/1989. **Grétar Haraldsson**
 (Hilmar Ingimundarson hrl.)
 gegn
Vinnustofunni Klöpp hf.
 (Othar Örn Petersen hrl.).

Skuldamál. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnda, og til þrautavara, að kröfur stefnda verði lækk-aðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Af hálfu áfrýjanda hafa verið lögð fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl.

II.

Svo sem í héraðsdómi greinir, varða reikningar þeir, sem krafa stefnda í málinu byggist á, fasteignirnar Skálagerði 4-6, Framnesveg 25 og Grettisgötu 9, allar í Reykjavík.

Afsal fyrir Skálagerði 4-6 er dagsett 11. maí 1984. Seljandi er Taflfélag Reykjavíkur o.fl., en kaupendur Eggert Magnússon og áfrýjandi. Um var að ræða óbyggðar lóðir með rétti til byggingar raðhúsa samkvæmt þegar samþykktum uppdráttum.

Afsöl fyrir Framnesvegi 25 og Grettisgötu 9 eru bæði dagsett 8. júlí 1985. Seljandi í báðum tilvikum er Hjörtur Jónsson, en kaupendur Eignaval sf. að 2/3 og Ingimar Haukur Ingimarsson að 1/3. Gömul hús voru á báðum þessum lóðum. Létu kaupendur rífa þau

og byggðu á lóðunum fjölbýlishús samkvæmt uppdráttum, dagsettum 1. september 1983 og 6. september 1984, er gerðir voru á teiknistofu stefnda.

III.

Samkvæmt tilkynningu til Firmaskrár Reykjavíkur 1. desember 1982 eru áfrýjandi og Eggert Magnússon fullábyrgir eignaraðilar sameignarfélagssins Eignavals sf. Svo var og á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Samkvæmt stofnsamningi um Vinnustofuna Klöpp hf. 16. desember 1976 átti Ingimar Haukur Ingimarsson þá langstærstan hlut í félaginu. Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár 7. janúar 1991 er Ingimar Haukur bæði formaður stjórnar félagsins og framkvæmdastjóri.

Gögn þau, sem vitnað er til hér að framan, voru öll lögð fram við upphaf munnlegs máflutnings fyrir Hæstarétti.

IV.

Áfrýjandi greindi frá því í aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur, að ákveðið hefði verið að láta breyta uppdráttum að fyrirhuguðum húsum á lóðunum nr. 4-6 við Skálagerði og stefndi skyldi fenginn til þess verks. Hafi Eggert Magnússon falast eftir verkinu hjá stefnda og átt um það við Ingimar Hauk Ingimarsson. Er lögmaður stefnda kynnti áfrýjanda, að forsvarsmáður stefnda fullyrti, að áfrýjandi hefði sjálfur beðið um þetta verk, kvaðst hann álíta það rangt, en sagði síðan: „Þetta er náttúrlega hlutur sem ég man ekki. Við vorum í miklu sambandi við Ingimar Hauk. Ég er þeirrar skoðunar að Eggert Magnússon hafi aðallega haft samband við hann út af þessum hlutum.“

Ingimar Haukur Ingimarsson skýrði svo frá við yfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur, að Eggert Magnússon og áfrýjandi hefðu beðið um umrædda þjónustu stefnda vegna Skálagerðis 4-6, og kvaðst hann hafa vitað, að þeir ættu þessar lóðir. Áfrýjandi hefði annast samskipti við stefnda vegna þessa, og því hefði hann snúið sér til áfrýjanda um greiðslu fyrir þjónustuna. Uppdrættir vegna Framnesvegur 25 og Grettisgötu 9 hefðu verið gerðir fyrir áfrýjanda, Eggert, og hann sjálfan.

Eggert Magnússon skýrði svo frá við yfirheyrslu á bæjarþingi

Reykjavíkur, að það hefði verið áfrýjandi, sem aðallega sá um samskipti varðandi uppdrætti og annað vegna allra umræddra byggingaframkvæmda. Hann kvaðst þó líklega sjálfur upphaflega hafa rætt við Ingimar Hauk varðandi breytingar á fyrirhugðum húsum, beðið hann að athuga möguleika í því efni og annast það verkefni.

V.

Af framanskráðu er ljóst, að áfrýjandi átti aðild að þeim viðskiptum, sem kröfur stefnda í málinu byggjast á. Hann ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum Eignavals sf., að því er varðar Skálagerði 4-6, og óskipta ábyrgð með sameigendum sínum gagnvart stefnda á greiðslum vegna eignanna Framnesvegar 25 og Grettisgötu 9. Á stefndi því rétt á að fá efnisdóm í málinu, að því er áfrýjanda varðar. Voru því lagaskilyrði fyrir því, að stefndi beindi kröfum sínum að áfrýjanda einum, enda kemur ekki fram, að fyrirvari hafi verið gerður um takmarkaða greiðsluskyldu hans. Hefur frávísunarkrafa áfrýjanda ekki við rök að styðjast.

VI.

Hvorki í greinargerð áfrýjanda í héraði né síðar undir rekstri málsins hefur mótmælum eða athugasemdum verið hreyft við fjárhæð stefnukröfu. En í fyrrnefndri aðilaskýrslu sinni vék áfrýjandi sérstaklega að þeim framlögðu reikningum, er varða Framnesveg 25 og Grettisgötu 9. Kvaðst hann telja, að við kaup á þeim lóðum hefði verið greitt fyrir þá þjónustu, er þær varðar, í reikningum stefnda. Eigi verður séð, að áfrýjandi hafi borið þetta fyrir sig sem málsástæðu í héraði.

Við aðalflutning málsins var lögð fram kvittun Hjartar Jónssonar, dagsett 17. júlí 1984, þar sem viðurkennt er, að áfrýjandi, Eggert Magnússon og Ingimar Ingimarsson hafi þann dag greitt 240.000 krónur, er séu andvirði aukabílastæðis vegna Framnesvegar 25, teikninga af nýbyggingum á Grettisgötu 9 og Framnesvegi 25 og vegna flutnings á tré. Er því nú haldið fram, að kvittun þessi sanni, að reikningar stefnda vegna þessara eigna séu þegar greiddir.

Stefndi reisir kröfur sínar á fimm reikningum. Tveir þeirra eru vegna Framnesvegar 25 og Grettisgötu 9, sinn fyrir hvora eign. Hvorum reikningi fylgir „útreikningur arkitektapóknunar fyrir

hönnun húss“. Þar kemur m.a. fram, að vinnutímabil vegna beggja eignanna hafi verið frá ágúst 1984 til desember 1986. Samkvæmt því hefur verk það, er stefndi vann vegna þessara eigna, verið framkvæmt, eftir að fyrrnefnd kvittun var látin í té. Kvittunin verður því ekki talin fullgild sönnun fyrir því, að þessi hluti kröfufjárhæðar stefnda hafi verið greiddur.

VII.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en vaxtaákvæði hans hefur ekki verið mótmælt.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Grétar Haraldsson, greiði stefnda, Vinnustofunni Klöpp hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1988.

Í greinargerð stefnda á dskj. nr. 14 var af hans hálfu gerð sú varakrafa, að máli þessu yrði vísað frá dómi með vísan til 46. gr. 1. nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Kröfu sína styður varnaraðili þeim rökum, að verk þau, sem umstefndir reikningar byggist á, hafi ekki verið unnin fyrir sig einan, heldur einnig fyrir þá Eggert Magnússon, Lindarflöt 36, Garðabæ, og Ingimar Hauk Ingimarsson, Klapparási 7, Reykjavík. Af þessum sökum beri að vísa málinu frá dómi.

Lögmaður stefnanda mótmælti þessari kröfu í málflutningi sínum.

Málið var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi.

Rétt þykir með vísan til 2. mgr. 108. gr. 1. nr. 85/1936 að taka afstöðu sérstaklega til frávisunarkröfunnar, áður en efnisdómur er kveðinn upp.

Engin efni þykja vera til að taka frávisunarkröfu stefnda til greina, og er hennar því synjað.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávisunarkröfu stefnda, Grétars Haraldssonar, er synjað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 2. maí sl., endurupptekið, flutt og dómtekið 1. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri þann 12. maí 1987, af Vinnustofunni Klöpp hf., nafnnúmer 5638-2682, Laugavegi 26, Reykjavík, gegn Grétari Haraldssyni, nafnnúmer 2741-3978, Furugerði 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 664.734 ásamt 3,5% drv. á mánuði frá 1. júlí 1985 af kr. 77.915 til 1. september 1985 og 3,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986 og með 2,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986 og með 2,25% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987 og með 2,5% drv. á mánuði af kr. 664.734 frá þeim degi til stefnubirtingardags og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá varakröfu með samþykki stefnda, að stefndi greiði kr. 344.140 ásamt 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 77.915 frá 1.7. 1985 til 1.9. 1985 og með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.3. 1986 og með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986 og með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.3. 1987 og með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 344.140 frá þeim degi til stefnubirtingardags og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að málinu verði vísað frá dómi. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. taxa LMFÍ.

Með úrskurði, uppkveðnum 22. nóvember 1988, var frávisunarkröfu stefnda hrundið, og koma því aðeins sýknukrafa og málskostnaðarkrafa til álita hér.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefnandi hafi unnið fyrir stefnda við arkitektavinnu og ráðgjafarþjónustu vegna útboða. Skuldin sé skv. 5 reikningum, sem allir séu stílaðir á stefnda.

Stefnandi kveður fyrsta reikninginn vera nr. 1339, dags. 10. maí 1985, að fjárhæð kr. 36.695, og sé verkheiti hans Skálagerði 4-6. Hann sé tilkominn vegna ráðgjafarþjónustu vegna útboðs á uppsteypu húss skv. meðfylgjandi sundurliðun á tímavinnu. En af þeirri sundurliðun sé ljóst, að starfsmaður stefnanda, Þorsteinn Friðþjófsson, hafi unnið 42,5 stundir við þetta verk, samtals kr. 28.475. Auk þess er á reikningnum ljósritun vegna

útboðs 274 stk. á kr. 30, þ.e. kr. 8.220. Reikningurinn sé því samtals að fjárhæð kr. 36.695.

Reikningur nr. 1349 sé dags. 7. júní 1985 og sé að fjárhæð kr. 41.220, sömuleiðis vegna Skálagerðis 4-6. Hann sé tilkominn vegna ráðgjafar vegna útboðs á rafmagni, deiliteikninga af gluggum og hurðum, breytinga á frárennslislagateikningum og fleira. Í viðfestu skjali, sem beri heitið „sundurliðun tímavinnu“, sjáist, að Þorsteinn Friðþjófsson, starfsmaður stefnanda, hafi unnið í 57 tíma við verk þetta. Að auki sé á þessu skjali ljósritun kr. 1.890. Samtals sé því reikningurinn að fjárhæð kr. 41.220. Stefnandi kveður báða þessa reikninga stílaða á stefnda, Grétar Haraldsson, Lauga-vegi 18, Reykjavík.

Þriðji reikningurinn sé nr. 1597, dags. 22. janúar 1987, að fjárhæð kr. 174.923. Hann sé tilkominn vegna arkitektavinnu skv. meðfylgjandi útreikningi, verkheiti reikningsins sé Framnesvegur 25, Reykjavík, og sé hann stílaður á Grétar Haraldsson, Furugerði 7, Reykjavík. Á meðfylgjandi útreikningi með reikningi þessum sjáist greinilega, hvernig arkitektabóknunin sé reiknuð út.

Fjórdi reikningurinn sé nr. 1598, dags. 23. janúar 1987, að fjárhæð kr. 266.225. Verkheiti hans sé Skálagerði 4-6, Reykjavík. Samkvæmt honum sé arkitektavinnan skv. hjálögðum útreikningi kr. 279.546, en frá þeirri fjárhæð dragist kr. 13.321, og sé reikningurinn því að fjárhæð kr. 266.225. Þessi reikningur sé stílaður á Grétar Haraldsson, Furugerði 7, Reykjavík.

Stefnandi kveður fimmta reikninginn vera nr. 1596, dags. 23. janúar 1987, að fjárhæð kr. 145.671. Verkheiti hans sé Grettisgata 9, Reykjavík. Hann sé tilkominn vegna arkitektavinnu, og sjáist á viðfestu fylgiskjali, hvernig bóknun fyrir arkitektahönnun sé fundin.

Stefnandi kveður ofanefnda fimm reikninga vera samtals að fjárhæð kr. 664.734, sem sé jafnframt stefnufjárhæðin. Innheimtutilraunir hafi reynt árangurslausar, og því sé málshöfðun þessi nauðsynleg.

Stefnandi kveður stefnda hafa samið við sig um að vinna umrædd verk fyrir stefnda, og hafi hann staðið við skuldbindingar sínar skv. þeim samningi, en stefndi hafi ekki sinnt greiðsluskyldu sinni. Því kveðst stefnandi byggja málshöfðun sína á reglum kröfuréttar um efndir skuldbindinga, sbr. samningalögin nr. 7/1936.

III.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Sýknukröfuna byggir hann á því, að verk þau, er unnin hafa verið skv. þeim reikningum, sem fyrir liggja í málinu, hafi ekki verið unnin fyrir sig. Beri því að sýkna sig skv. 2. mgr. 45. gr. 1. nr. 85/1936.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að verk þau, sem umstefndir reikningar byggjast á, hafi ekki verið unnin fyrir sig, og því beri að sýkna sig af kröfum stefnanda skv. 2. mgr. 45. gr. 1. nr. 85/1936.

Undir rekstri málsins er í ljós leitt, að verk þau, sem unnin voru af stefnanda skv. umþrættum reikningum, voru unnin fyrir fleiri en stefnda einan. Teikningar fyrir Skálagerði 4-6 voru unnar fyrir stefnda og Eggert Magnússon, en teikningar vegna Framnesveggar 25 og Grettisgötu 9 voru unnar fyrir stefnda, Eggert Magnússon, og Ingimar Hauk Ingimarsson. Ekkert er fram komið í máli þessu, sem bendir til annars en ábyrgð stefnda á umstefndri skuld sé „solidarisk“ með áðurnefndum mönnum.

Þá hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefnda, að vinna skv. umstefndum reikningum hafi verið unnin, og engin töluleg mótmæli hafa heldur komið fram gegn fjárhæð reikninganna.

Með vísan til ofanritaðs þykir því verða að fallast á aðalkröfu stefnanda, að stefnda beri að greiða stefnanda stefnukröfurnar með þeim vöxtum, sem krafist er í stefnu, að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 reiknast drv. 30% ársvextir til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu drv. frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 142.450, þar með talinn söluskattur.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Arnfríður Einarasdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Grétar Haraldsson, greiði stefnanda, Vinnustofunni Klöpp hf., kr. 664.734 með 3,5% drv. á mánuði frá 1. júlí 1985 af kr. 77.915 til 1. sept. 1985, með 3,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 2,25% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% drv. á mánuði af kr. 664.734 frá þeim degi til 14. apríl s.á., með 30% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðum drv. frá þeim degi til greiðsludags og kr. 142.450 í málskostnað, þar með talinn söluskattur, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.